

REGLUR

um tilkynningu vinnuslysa.

1. gr.

- 1.1 Komi fyrir slys eða eitrun á vinnustað, sbr. 3. mgr. 1. gr., skal atvinnurekandi eða fulltrúi hans tilkynna það lögreglu og Vinnueftirliti ríkisins símleidis eða með öðrum hætti svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan sólarhrings.
- 1.2 Óheimilt er að breyta aðstæðum á slysstað, nema vegna björgunaraðgerða, fyrr en vettvangskonunnun hefur farið fram.
- 1.3 Slys eða eitrun eru tilkynningaskyld skv. 1. mgr. ef ætla má að áverkinn sem af þeim hlýst geti valdið langvinnu eða varanlegu heilsutjóni, svo sem ef slasaði missir útlim eða hluta af útlim, beinbrotnar, fer úr liði, fær meiriháttar sár, missir meðvitund, hlýtur skemmdir á taugavef, verður fyrir alvarlegu augnslysi, innvortis meiðslum eða eitrun.

2. gr.

- 2.1 Slys eða eitrun sem valda fjarveru frá vinnu í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð, og ekki falla undir 1. gr. skulu tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins á þar til gerðum tilkynningarblöðum svo fljótt sem kostur er og ekki síðar en innan 14 daga.

3. gr.

- 3.1 Vinnueftirlit ríkisins skal taka á móti tilkynningum allan sólarhringinn, um slys eða eitrun samkvæmt 1. mgr. 1. gr.

4. gr.

- 4.1 Brot gegn reglum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð. Með mál út af brotum á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.
- 4.2 Reglur þessar eru settar samkvæmt 81. gr. laga nr. 46/1980 og öðlast gildi 1. janúar 1990.

Félagsmálaráðuneytið, 22. desember 1989.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989.

1. gr.

- Gildistöku 2. liðar í viðauka 6 í reglugerð nr. 386/1989 er frestað til og með 1. júlí 1990.

2. gr.

- Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. desember 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Endurprentað blað.